

Nd.

18. Frumvarp til laga

[17. mál]

um breyting á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið oliugjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki oliugjald, er nemi 7.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Oliugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafila og hlutaskipta frá 1. október 1980 til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Frumvarp þetta er flutt til þess að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs frá 1. október 1980. Meginefni frumvarpsins er að hækka oliugjald fiskiskipa utan skipta úr 2.5% í 7.5%. Oliugjald utan skipta var tekið upp með lögum nr. 4 2. mars 1979 til þess að snúast við þeim vanda, sem stórfelld hækkun oliuverðs olli íslenskum sjávarútvegi. Gjaldið var í fyrstu 2.5% af skiptaverði en var síðan hækkað í 7% í maí og í 12% (gjald utan skipta) í júlí á síðasta ári, enda fór oliuverð þá ört hækkandi. Á síðari hluta árs í fyrra og framan af þessu ári var hins vegar um litla breytingu á útsöluverði oliu að ræða, og var oliugjald þá lækkað í 9% í október 1979 í 5% í janúar á þessu ári og í 2.5% í mars. Útsöluverð oliu hefur hins vegar hækkað á síðustu mánuðum. Þegar fiskverð var ákveðið í júní, var verð á gasolíu 155.25 krónur hver lítri og verð á svartolíu 104 200 kr. hvert tonn. Verð á gasolíu hækkaði í júlí síðastliðnum og 9. október og er nú 210 krónur hver lítri eða um 35.3% hærra en í júní, og verð á svartolíu hefur hækkað í 128 100 krónur hvert tonn eða um 22.9%. Meðalhækkun oliukostnaðar þeirra skipa, er stunda botnfiskveiðar, er áætluð um 30%. Er útgjaldaauki þessara greina vegna þessa um 6.5 milljarðar króna á heilu ári, eða 5% af heildartekjum, eins og þær voru áætlaðar við fiskverðs-ákvörðun í júní. Mikil hækkun oliuverðs ásamt öðrum kostnaðarhækkunum hefur valdið verulegum rekstrarhalla fiskveiða og skuldasöfnun fyrirtækja á síðustu mánuðum. Til þess að mæta þessari hækkun oliuverðs, sem stefnir hag útgerðar í tví-sýnu, er nauðsynlegt að hækka nú oliugjald úr 2.5% í 7.5%. Með þessari hækkun og 8% fiskverðshækkun til skipta verður hagur útgerðar, eins og fram kemur í meðfylgjandi áætlun.

**Áætlað rekstraryfirlit fiskveiða miðað við verðlag í október 1980 eftir fiskverðs-
ákvörðun, miðað við áætlað aflamagn ársins 1979.**

	M.kr.			
	Bátar án loðnu 21—200 brl.	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
Fjöldi togara		66	15	81
A. Tekjur alls	61 274	69 350	20 281	150 905
1. Seldur afli hérlandis	53 083	58 232	14 674	125 989
(þ. a. olúgjald)	(3 359)	(3 643)	(892)	(7 894)
2. Seldur afli erlendis	5 303	8 654	4 606	18 563
3. Aðrar tekjur	2 888	2 464	1 001	6 353
B. Gjöld alls	62 440	72 427	20 774	155 641
1. Aflahlutir	20 952	21 177	3 894	46 023
2. Laun og tengd gjöld	4 967	2 723	3 390	11 080
3. Olíur	9 249	14 594	4 067	27 910
4. Veiðarfæri	5 408	4 289	947	10 644
5. Annar breytil. kostn.	7 658	8 981	3 893	20 532
Breytil. kostn. alls	48 234	51 764	16 191	116 189
Framlag til fasts kostn.	13 040	17 586	4 090	34 716
Framlag til fasts kostn. sem hlutfall af tekjum	21.3%	25.4%	20.2%	23.0%
6. Viðhald	5 251	6 180	1 578	13 009
7. Endurmetnar afskriftir	5 606	8 251	1 561	15 418
8. Vextir	3 349	6 232	1 444	11 025
H. Hreinn hagnaður	÷1 166	÷3 077	÷493	÷4 736
Brúttóhagnaður	4 440	5 174	1 068	10 682
H/A . 100	÷1.9%	÷4.4%	÷2.4%	÷3.1%

Athugasemd: Tekið hefur verið tillit til 8% hækkunar fiskverðs og hækkunar á olúgjaldi í 7.5% og hækkunar á olíu 8/10 1980. Tekið er tillit til beinna og óbeinna áhrifa vegna gengisbreytinga.